

## TÓNLISTARHÁTIÐ UNGA FÓLKSINS 3. – 15. ÁGÚST 2010

Um 100 tónlistarnemar á aldrinum 9 til 33 ára munu taka þátt í þrettán námskeiðum á **Tónlistarhátíð unga fólksins** sem verður haldin **dagana 3. til 15. ágúst nk.**, en einvaliði tónlistarmanna, íslenskra sem erlendra, annast kennsluna. Tónleikaröð hátíðarinnar samanstendur af níu tónleikum. Þar er leitast við að gefa ungu íslensku tónlistarfólki tækifæri til að koma fram en auk þess munu erlendir listamenn halda tónleika. Á þessari tólf daga tónlistarveislu ættu allir unnendur klassískrar tónlistar að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Tónlistarhátíð unga fólksins er nú haldin í þriðja sinn og hefur umfang hátíðarinnar aldrei verið meira. Meðal nýjunga í ár eru námskeið í sviðsframkomu sem Gunnar Eyjólfsson leikari sér um og jóganámskeið sem Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari kennir. Enn fremur halda Atli Ingólfsson tónskáld, Jón Þorsteinsson söngvari og Gunnhildur Ottósdóttir sjúkrahjálfari fyrirlestra um nýja tónlist, Lichtenbergeraðferðafræðina um uppruna hljóms í mannslíkamanum og líkamsbeitingu tónlistarfólks. Á lokadegi hátíðarinnar, sunnudaginn 15. ágúst kl. 15:00, verður haldið opið málþing í Salnum um stöðu og framtíðarmöguleika ungra tónlistarmanna á Íslandi.

Hátíðin fer fram í Salnum, Tónlistarskóla Kópavogs og í Safnaðarheimili Kópavogs eins og undanfarin ár. Nánari upplýsingar er að finna á vef hátíðarinnar [www.musicfest.is](http://www.musicfest.is).

**Við viljum vekja sérstaka athygli á píanókennara á eftirtöldum námskeiðum í píanóleik sem opin eru áheyrendum og hluti hátíðarinnar. Námskeiðin fara fram í Salnum og í húsnæði Tónlistarskóla Kópavogs.**

### **Píanónámskeið – kennari Anna Guðný Guðmundsdóttir**

Miðvikudagur 4. ágúst – í stofu 8 í TK kl. 9:00–12:05

Föstudagur 6. ágúst – í Salnum kl. 9:00–12:05 og í stofu 8 frá 13:00–13:45

Mánudagur 9. ágúst – í Salnum kl. 9:00–12:05 og 13:00–13:45

Nemendur:

Helen Aun – háskólanám

Marinella Ragnheiður Sigurðardóttir – framhaldsnám

Þórunn Þórsdóttir – háskólanám

Ingibjörg Þorsteinsdóttir – framhaldsnám

Kristín Nanna Einarsdóttir – miðnám

### **Píanónámskeið – kennari Peter Máté**

Miðvikudagur 4. ágúst – í Salnum kl. 9:00–12:05 og 13:00–16:15

Föstudagur 6. ágúst – í stofu 8 kl. 9:00–12:05 og 13:45–16:15

Laugardagur 7. ágúst – í Salnum kl. 9:00–9:45

Mánudagur 9. ágúst – í Salnum kl. 11:20–12:05 og 13:00–14:30

Þriðjudagur 10. ágúst – í Salnum kl. 9:45–12:05

Miðvikudagur 11. ágúst – í Salnum kl. 9:00–10:30

Nemendur:

Elín Arnardóttir – háskólanám

Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir – framhaldsnám

Arnbjörg Arnardóttir – framhaldsnám

Ásgerður Steinþórsdóttir – framhaldsnám

Egill Sigurður Friðbjarnarson – framhaldsnám

Anna Bergljót Gunnarsdóttir – framhaldsnám

Benjamín Kári Daníelsson – framhaldsnám

Jane Ade – háskólanám

### **Píanómasterclass – leiðbeinandi Daniela Hlinkova, píanóleikari**

Laugardagur 7. ágúst – í Salnum kl. 10:00–12:00

Hægt er að kaupa hátíðarpassa sem veitir fullan aðgang að öllum viðburðum hátíðarinnar, tónleikaröð í Salnum, öllum kennslustundum/masterclössum nemenda og fleiru. Einnig er hægt að kaupa masterclass-passa sem veitir aðgang að öllum kennslustundum og masterclössum. Hátíðarpassi kostar 15.000 kr., masterclass-passi 5.000 kr. og aðgangur einstaka daga 1.000 kr. Hægt er að fá nánari upplýsingar og panta passa með því að senda tölvupóst á netfangið [elin@musicfest.is](mailto:elin@musicfest.is) eða í síma 896 4643. Einnig má kaupa passana á staðnum.

Með kveðju, f.h. Tónlistarhátíðar unga fólksins Elín Ásta Ólafsdóttir